

**REGLUGERÐ****um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1968.****1. gr.**

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1968, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsöluglaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

|                    |               |
|--------------------|---------------|
| I. flokkur .....   | kr. 15.000.00 |
| II. flokkur .....  | — 12 000.00   |
| III. flokkur ..... | — 9 000.00    |
| IV. flokkur .....  | — 6 000.00    |
| V. flokkur .....   | — 3 000.00    |

**2. gr.**

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Reykjavíkur apótek.

II flokkur: Ingólfs apótek,  
Laugavegs apótek,  
Lyfjabúðin Iðunn.

III. flokkur: Akureyrar apótek,  
Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Holts apótek,  
Kópavogs apótek,  
Stjörnu apótek,  
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,  
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Garðs apótek,  
Ísafjarðar apótek,  
Laugarnes apótek,  
Sauðárkróks apótek,  
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,  
Borgarnes apótek,  
Dalvíkur apótek,  
Húsavíkur apótek,  
Siglufjarðar apótek,  
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. desember 1968.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 1968.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Hér með tilkynnist, að umferðarljós hafa verið sett á Hafnarfjarðarveg skammt fyrir norðan og sunnan nýju slökkvistöðina. Þau verða eingöngu notuð, þegar slökkvibifreiðir eru á leið frá stöðinni til þess að gegna kvaðningu.

Gerð umferðarljósanna er þannig, að tvö rauð ljós eru samhliða á einum fleti. Ef þau kvikna og slökkna á víxl, ber ökumönnum, sem eru á leið um veginn, að nema staðar við ljósin.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. september 1968.*

**Sigurjón Sigurðsson.**